

Kæri fuglamerkingamaður,

Við þau tímamót að Náttúrufræðistofnun Íslands hefur flutt úr bráðabirgðahúsnæði við Hlemm í nýtt hús, sérhannað að þörfum hennar, hefur fyrirkomulagi fuglamerkinga verið breytt. Verkefnið heyrir nú undir vistfræðideild og hópur sérfræðinga mun vinna við það. Með aukinni áherslu á fuglamerkingar og frágangi gagna vonumst við til að geta gert þau aðgengileg til úrvinnslu og sýnilegri, bæði merkingamönnum og almenningi.

Fuglamerkingar eru tímafrek iðja og óvinnandi nema með aðkomu og eljusemi fjölmargra sjálfboðaliða. Það er von okkar hjá Náttúrufræðistofnun að samstarf við þig verði eftir sem áður gott.

Fuglamerkingar – nýtt fyrirkomulag

Náttúrufræðistofnun Íslands ber lögum samkvæmt að annast fuglamerkingar hér á landi og veitir hún leyfi til merkinga á villtum fuglum. Fuglamerkingar á Íslandi hófust 1921 á vegum Danans Peter Skovgaard. Skömmu síðar (1932) byrjuðu fuglamerkingar á vegum Náttúrufræðistofnunar Íslands (þá Náttúrgripasafnið). Allan þann tíma hafa aðeins þrír menn borið hitann og þungann af fuglamerkingunum; fyrstu árin Magnús Björnsson, en lengst af Finnur Guðmundsson (til ársins 1978) og Ævar Petersen eftir daga Finns. Nú þegar Náttúrufræðistofnun Íslands er komin í nýtt húsnæði í Urriðaholti í Garðabæ verður gerð breyting á umsjón og umsýslu fuglamerkinga. Fuglamerkingar hafa verið færðar undir vistfræðideild stofnunarinnar og skipaður vinnuhópur sem mun annast daglega umsýslu, skráningu gagna í gagnagrunn, gerð samantekta og ársskýrslna auk stýringar úrvinnslu.

Í hópnum eru fuglafræðingar stofnunarinnar auk nokkurra starfsmanna upplýsingadeildar og skrifstofu. Fyrir hópnum fer Guðmundur A. Guðmundsson dýravistfræðingur. Í fyrstu verður lögð áhersla á að opna fyrir rafræn skil á endurheimtum merkjum og merkingagögnum á heimasíðu stofnunarinnar. Jafnframt að gera gagnagrunn um fuglamerkingar aðgengilegan öllum þeim er í hann þurfa að sækja vegna rannsókna eða til fróðleiks. Þá verða eftir 60 ára hlé gefnar út ársskýrslur um fuglamerkingar og endurheimtur. Frekari úrvinnsla og birting gagna mun síðan fylgja í kjölfarið og er vonast til að jafnt fuglafræðingar stofnunarinnar sem sérfræðingar utan hennar láti þar að sér kveða. Fuglamerkingarmönnum hér á landi og merkingarstöðvum erlendis hefur verið tilkynnt um þessar breytingar.

Dagleg umsýsla

Dagleg umsýsla með fuglamerkingum, svo sem móttaka merkja, útsending svarskýrslna og innsláttur gagna, verður í höndum þeirra Helgu Valdermarsson og Svenju Auhage. Helga er starfsmaður skrifstofu og hefur hún um árabíl unnið að fuglamerkingum með Ævari Petersen og þekkir því vel til verka. Svenja er hins vegar ný á þessum vettvangi, en hún hefur starfað við fuglarannsóknir á stofnuninni frá árinu 2008.

Tilkynningar um merki

Tilkynningar um fund á fuglamerki skal eftirleiðis senda í pósti á:

Náttúrufræðistofnun Íslands
Fuglamerki
Urriðaholtsstræti 6-8,
Pósthólf 125, 212 Garðabær.

Einnig má tilkynna endurheimtur símleiðis í síma: 5 900 500, eða með tölvupósti:
fuglamerki@ni.is.

Á næstunni verður sett upp eyðublað á heimasíðu stofnunarinnar sem hægt verður að fylla út beint og senda inn.

Samsetning vinnuhóps

Í hópi um fuglamerkingar eru sérfræðingar stofnunarinnar sem vinna að rannsóknum á fuglum, þau Guðmundur A. Guðmundsson, Freydís Vigfúsdóttir, Kristinn H. Skarphéðinsson, Ólafur K. Nielsen, Svenja Auhage og Ævar Petersen. Einnig eru í hópnum Helga Valdemarsson ritari á skrifstofu stofnunarinnar, Anna Sveinsdóttir forstöðumaður upplýsingardeildar og Kjartan Birgisson tölvunarfræðingur á sömu deild. Borgþór Magnússon forstöðumaður vistfræðideildar mun einnig taka þátt í starfi hópsins.

Garðabæ, 23. nóvember 2010

Fyrir hönd samstarfshóps um fuglamerkingar,

Guðmundur A. Guðmundsson

